



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2014

Efni: Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og nýtingu landssvæða, nr. 13/141 – mál nr. 244.

Samtök iðnaðarins gera ekki athugasemdir við efni þingsályktunarinnar sem felur í sér að Hvammsvirkjun verði færð úr biðflokki yfir í orkunýtingarflokk, enda telja samtökin rök fyrir því að allar fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta þjórsár fari í þann flokk.

Samtökin vilja hins vegar ítreka efnislegt innihald umsagna sinna og Félags ráðgjafarverkefninga (FRV) vegna tillagna verkefnisstjórnar um rammaáætlun sem birtar voru í mars sl. og sem finna má á vefsvæðinu rammaaetlun.is. Megininntak þeirra er að rammaáætlun hafi farið út fyrir sitt verksvið í umfjöllun um virkjanir í Neðri Þjórsá og kröfum um frekari gögn um virkjanir sem þegar höfðu farið í gegnum ferli mats á umhverfisáhrifum. Í umsögn samtakanna kemur fram:

„Samtökin gera athugasemdir við vinnuferli verkefnisstjórnar og telja að vinna undir merkjum rammaáætlunar sé komin fram úr því sem henni er ætlað. Samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, er það ekki hlutverk rammaáætlunar að kalla eftir frekari umhverfisgögnum um framkvæmdir sem þegar hafa farið í gegnum MÁU, það er á höndum stofnana sem á eftir koma í undirbúningsferli virkjana. Horfa þarf einnig til meðalhófsreglu en stofnað hefur verið til tafa á verkefnum sem eru næstum komin á framkvæmdastig og hafa verið undirbúin með miklum tilkostnaði frá því löngu áður en lög um rammaáætlun litu dagsins ljós.“

Virðingarfyllst,

Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI

Bryndís Skúladóttir
Forstöðumaður umhverfismála